

tölu á hverjum stað, og legg eg svo fyrir, að í hverri sókn, þótt fámennt sé, séu 2 meðhjálparar, en séu yfir 300 manns í sókninni, þá að minsta kosti 3 auk forsöngvara, sé hann ekki einnig meðhjálpari, og vilduð þér þóknalega annast um, að þetta skipulag komist sem fyrst á í prófastsdæminu, og að prestarnir tilkynni yðr bæði, hverjir nú eru meðhjálparar í sóknum þeirra og hverjum þeir kunna við að bæta, og eiga þeir að gefa meðhjálpurunum erindisbréf, ef þeir óska þess; en skýrslu um nöfn og heimili allra þessara heiðrsmanna óska eg að fá frá yðr á sínum tíma. Að endingu bið eg yðr að birta öllum prestum yðar þetta bréf mitt, en þeir birti það aptr söfnuðum sínum.

Bréf biskups (til allra prófaste).

Eptir ósk prófasteins í Árnessýslu og presta þar, hefi eg kastað upp hjálögðu formi til erindisbréfs fyrir meðhjálpara, og bið eg yðr herra prófaste, að láta það berast milli prestanna í yðar prófastsdæmi, svo að þeir geti haft það sér til hliðsjónar og notað úr því það sem þeim sýnist.

Erindisbréf

fyrir N. N. til að vera meðhjálpari í N. sókn.

Eg N. N.

gjörri heyrum kunnugt: að eg með þessu bréfi mínu kys N. N. fyrir meðhjálpara minn í N. sókn, og skal hann trúlega gæta allra þeirra skyldna, sem lögin leggja meðhjálpurum á herðar, og aðstoða mig að því leyti honum getr borið í embætti mínu bæði utan kirkju og innan. Hann skal jafnan gæta þess, að alt fari reglulega fram í kirkjunni bæði við messugjörð, barnaspurningar og hver önnur embættisverk, sem eg þarf þar að vinna, og annast um hringingar, messuskrúða, sálmaþækr og annað það, er til messugjörðarinnar heyrir, meðan á henni stendr, eptir minni fyrirsögn. Einnig skal hann hafa gætr á því, að á helgum dögum sé engin óregla framin fyrir eða eptir messu á kirkjustaðnum, og tilkynna mér jafnskjótt, ef hann verður var við eitthvað þess háttar, sem hann getr ekki sjálf afstýrt. Sömuleiðis skal hann af fremsta megni vera mér hjálplegr til að viðhalda reglu og efla siðgæði í söfnuðinum, og tilkynna mér ef hann verður var við nokkurt hneyxli í sókninni. Eins og hann sjálf á að vera öðrum til góðrar fyrirmyndar, eins ber honum og að vera mér hjálplegr í að koma í veg fyrir drykkjuslark og aðra óreglu á helgum dögum og endranær, bæta samlyndi hjóna og efla ungdómsins uppfræðingu, og ætíð vera fús á að leggja það gott til, sem hann getr, þegar eg kveð hann til ráðaneytis í kirkjulegum málefnum. Yfir höfuð á hann að sýna það í orði og verki, að hann sé einhver hinn bezti og heiðvirdasti maðr í sókninni, og að hann fyrir þá skuld sé af mér kallaðr til þessarar heiðrsstöðu í söfnuðinum og svari til þess.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu).

Með heiðruðu bréfi 13. f. m. hafði þér herra amtmaðr tjáð mér ummæli þau, er eg hafði beiðst, um þrætu þá, er gjörst hefir meðal Þorkelshóls og Sveinstaðahrepps í Húnavatnssýslu um framfærslu Magnúsar nokkurs Guðmundssonar, bónda á Auðunnarstöðum, og er krafa Þorkelshólshrepps í máli þessu samkvæmt bréfi hreppstjórans 20. júlí 1867, að Magnús verði dæmdr þurfamaðr Sveinstaðahrepps, og að hreppr þessi verði skyldaðr til bæði að veita Magnúsi allan nauðsynlegan styrk framvegis og sömuleiðis endrborga Þorkelshólshreppi allan þann styrk, sem hann hingað til hefir veitt honum, og sem nú er orðinn að upphæð alls 62 rd. 72 sk.

Málsaðilum ber saman um, að Magnús sé fæddr í Sveinstaðahreppi, og kom á vinnu-

56
23. októbr.
1868.

57
19. apríl
1869.

58
30sta
septbr.
1873.